

Fréttatilkynning:**Hagar hf. árshlutauppgjör Q2 // mars 2014 – ágúst 2014**

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir annan ársfjórðung 2014/15 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 23. október 2014. Reikningurinn er fyrir tímabilið 1. mars 2014 til 31. ágúst 2014. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess og er hann gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins, KPMG ehf.

Helstu upplýsingar:

- Hagnaður tímabilsins nam 2.094 millj. kr. eða 5,5% af veltu.
- Vörusala tímabilsins nam 38.363 millj. kr.
- Framlegð tímabilsins var 24,15%.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 3.043 millj. kr.
- Heildareignir samstæðunnar námu 26.453 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Handbært fé félagsins nam 3.046 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eigið fé félagsins nam 13.020 millj. kr. í lok tímabilsins.
- Eiginfjárhlutfall var 49,2% í lok tímabilsins.

Vörusala tímabilsins nam 38.363 milljónum króna, samanborið við 37.794 milljónum króna árið áður. Söluaukning félagsins er 1,5%. Hækkun 6 mánaða meðaltals vísitölu neysluverðs milli rekstrarára var 2,3%. Framlegð félagsins var 9.265 milljónir króna, samanborið við 9.115 milljónir króna árið áður eða 24,15% samanborið við 24,12%. Rekstrarkostnaður í heild hækkar um 99 milljónir króna eða 1,6% milli ára en kostnaðarhlutfallið hækkar úr 16,3% í 16,4%.

Afkoma fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam 3.043 milljónum króna, samanborið við 3.003 milljónir króna árið áður. EBITDA hækkar um 1,3% milli ára og var EBITDA framlegð 7,9% líkt og árið áður.

Hagnaður tímabilsins fyrir skatta nam 2.617 milljónum króna, samanborið við 2.466 milljónir króna árið áður. Hagnaður eftir skatta nam 2.094 milljónum króna á tímabilinu, sem jafngildir 5,5% af veltu en hagnaður eftir skatta á fyrra ári var 1.973 milljónir.

Heildareignir samstæðunnar í lok tímabilsins námu 26.453 milljónum króna. Fastafjármunir voru 13.124 milljónir króna og veltufjármunir 13.329 milljónir króna. Þar af voru birgðir 4.969 milljónir króna en birgðir voru 5.015 milljónir króna ári áður.

Eigið fé félagsins var 13.020 milljónir króna í lok tímabilsins og eiginfjárhlutfall 49,2%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 13.433 milljónir króna, þar af voru langtímaskuldir 4.536 milljónir króna. Nettó vaxtaberandi skuldir félagsins í lok tímabilsins voru 1.488 milljónir króna en 1.957 milljónir króna voru greiddar inn á langtímalán félagsins umfram lánsamning á tímabilinu.

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 2.766 milljónum króna, samanborið við 2.524 milljónir króna á fyrra ári. Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins voru 400 milljónir króna og fjármögnunarhreyfingar 3.463 milljónir króna. Í lok júní var greiddur arður til hluthafa að fjárhæð 1.172 milljónir króna. Handbært fé í lok tímabilsins var 3.046 milljónir króna, samanborið við 3.854 milljónir króna árið áður.

Framtíðarhorfur:

Rekstur samstæðunnar á öðrum fjórðungi rekstrarársins 2014/15 er á áætlun og svipaður og á sama tímabili í fyrra. Nokkuð hefur hægt á söluvexti og gera áætlanir félagsins ráð fyrir sambærilegum vexti á næstu mánuðum, með óbreyttum verðbólguhorfum og stöðugu gengi. Gert er ráð fyrir að sá árangur sem náðst hefur í lækkun kostnaðarhlutfalla haldi sér en þó er ljóst að nokkur þrýstingur er á laun og mikil óvissa varðandi komandi kjarasamninga.

Þann 8. nóvember nk. mun alþjóðlega tískuvörueðjan F&F opna í verslun Hagkaups á 2. hæð í Kringlunni. F&F býður gæða tískufatnað fyrir konur, karla og börn en keðjan hóf starfsemi árið 2001. F&F starfrækir nú á þriðja þúsund útsölastaði í yfir tuttugu löndum og munu fleiri lönd bætast í hópinn á næstu mánuðum. F&F er því í stórsókn um heim allan og eru það miklar gleðifregnir fyrir Hagkaup, og ekki síður íslenska neytendur, að ná samningi við svo sterkan samstarfsaðila.

Skrifað hefur verið undir húsaleigusamning fyrir nýja Bónus verslun við Miðstræti í Vestmannaeyjum. Áætlað er að verslunin opni í byrjun sumars 2015 en um er að ræða 1.200 m² húsnæði.

Framkvæmdir við byggingu nýs vöruhúss fyrir Banana fara senn í gang og er nú áætlað að Bananar flytji starfsemi sína fyrir áramót 2015. Endanleg hönnun liggur nú fyrir og hafa kostnaðaráætlanir verið endurskoðaðar samhliða því. Vöruhúsið verður um 5.500 m² að stærð og hljóðar kostnaðaráætlun upp á rúma 1,5 milljarða króna.

Í lok september skrifaði félagið undir nýjan lánessamning við Arion banka hf. og framlengdi þar með fjármögnun félagsins til 5 ára eða fram til október 2019. Lánessamningurinn er auk þess með framlengingarheimild til maí 2021. Lánessamningurinn ber breytilega, óverðtryggða millibankavexti að viðbættu álagi, líkt og fyrri samningur félagsins við bankann. Lánskjör hins nýja samnings eru hagstæðari fyrir félagið og búið er að létta nokkuð á skuldbindingum og fjárhagslegum skilyrðum. Félagið hefur rétt til að greiða lánið upp hvenær sem er á samningstímanum, án kostnaðar, en stefna stjórnar er eftir sem áður að lækka langtímaskuldir félagsins.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa:

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn í þingsal 3 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura, föstudaginn 24. október kl. 8:30, en þar mun Finnur Árnason, forstjóri Haga, kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins.

Kynningarefni, ásamt upptöku af fundinum, verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu Haga, www.hagar.is.

Fjárhagsdagatal 2014/15:

3. ársfjórðungur (1. mars – 30. nóvember): 8. janúar 2015

4. ársfjórðungur (1. mars – 28. feb): 12. maí 2015

Nánari upplýsingar veitir Finnur Árnason, forstjóri félagsins, í síma 530-5500.

Árshlutareikningur Haga hf. Q2 // mars 2014 – ágúst 2014
Lykiltölur í millj. kr. – samstæða

Rekstrarreikningur

	2014	2013	2014/15	2013/14
	Q2	Q2	1.3-31.8	1.3-31.8
Vörusala	19.478	19.415	38.363	37.794
KSV	(14.787)	(14.747)	(29.098)	(28.679)
Heildarframlegð	4.691	4.668	9.265	9.115
Aðrar tekjur	30	37	57	68
Laun og launatengd gjöld	(1.568)	(1.518)	(3.214)	(3.116)
Annar rekstrarkostnaður	(1.515)	(1.520)	(3.065)	(3.064)
EBITDA	1.638	1.667	3.043	3.003
Afskriftir	(168)	(160)	(334)	(328)
EBIT	1.470	1.507	2.709	2.675
Fjármunatekjur (-gjöld)	(27)	(87)	(92)	(209)
Hagnaður fyrir skatta	1.443	1.420	2.617	2.466
Tekjuskattur	(288)	(284)	(523)	(493)
Hagnaður tímabilsins	1.155	1.136	2.094	1.973

Efnahagsreikningur

	31.08.2014	28.02.2014
Eignir		
Fastafjármunir	13.124	13.049
Veltufjármunir	13.329	13.556
Eignir samtals	26.453	26.605
Eigið fé og skuldir		
Hlutfé	1.172	1.172
Annað eigið fé	11.848	10.926
Eigið fé samtals	13.020	12.098
Langtímaskuldir	4.536	6.738
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	463	669
Aðrar skammtímaskuldir	8.434	7.100
Skuldir samtals	13.433	14.507
Eigið fé og skuldir samtals	26.453	26.605

Sjóðstreymi

	2014	2013	2014/15	2013/14
	Q2	Q2	1.3-31.8	1.3-31.8
Handbært fé frá rekstri	1.546	1.576	2.766	2.524
Fjárfestingarhreyfingar	(179)	(114)	(400)	(207)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.824)	(752)	(3.463)	(1.410)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(457)	710	(1.097)	907
Handbært fé í byrjun tímabils	3.503	3.144	4.143	2.947
Handbært fé í lok tímabils	3.046	3.854	3.046	3.854

Breytingar á eigin fé

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. mars 2014	1.172	1.272	9.654	12.098
Greiddur arður			(1.172)	(1.172)
Hagnaður tímabilsins			2.094	2.094
Eigið fé 31. ágúst 2014	1.172	1.272	10.576	13.020